

Símafundur í svæðisráði. 30.04 2010 kl 12:30.

**Mættir:** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarfélaga, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Katrín Eymundsdóttir frá Norðurþingi, Stefán frá Ferðamálsamtökum Norðausturlands og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

1. Afgreiðsla á færslu þjónustuvæðis við Dettifoss að vestan. Tillagan snýst um að færa þjónustuvæðið frá afleggjara að Dettifossi að núverandi bílastæði við Dettifoss. Komið hafa í ljós vankantar á þurrsalernislausn sem stefnt var að við bílastæði. Óöryggi vegna fjölda ferðamanna virðist mikið.
  - Við nánari skoðun hefur komið í ljós að vandaliði verður að bora eftir vatni. Því má dæla upp úr holunni með sólar og vindorku. Einnig er hægt að staðsetja holuna eftir þörfum skipulagsins.
  - Afrenslismál eru einnig vel leysanleg með rotþróm og siturlögnum sem sitra niður í jarðlögin. Þá þarf að fleyga smá grifju í klöppina og bora grunnar holur (ca 10 m.) niður úr henni.

Í umræðunum var alltaf einn helsti gallin á staðsetningu stórs þjónustuvæðis við núverandi bílastæði talinn sá að afrennsli væri þar illmögulegt. Nú þegar það hefur komið í ljós að það er leysanlegt telur svæðisráðeðlilegt að stóra þjónustuvæðið verði í verndaráætluninni fært niður á það litla við núverandi bílastæði. Kostir þess eru ótvíræðir því þá færast þjónustan þangað sem fólkið stoppar, og byggjum upp eitt svæði í stað tveggja. Svæðisráð samþykkir að færa þjónustuvæðið frá afleggjara að Dettifossi að núverandi bílastæði.

2. Afgreiðsla á breytingu á vegtengingu að Hafragilsfossi. Tillaga er um að fresta uppbyggingu á veginum niður að Hafragilsfossi en viðhalda gamla slóðanum óbreyttum. Svæðisráð samþykkir tillöguna.
3. Bréf frá Rúnari Tryggvasyni dagsett 26.04.10, um áningarhólf fyrir hesta í mynni Ásbyrgis. Svæðisráð samþykkir að mæla með að veita leifið fyrir sitt leiti, til 1 árs. Uppsetning hólfinsins verði í samráði við þjóðgarðsvörð og að umgengni verði snyrtileg.

Fleira ekki bókað fundi slitið kl 13:00

Böðvar P.